



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Ólafsfjarðarvegur – Hámundastaðaháls 17.3.2014

Málsnr. 2014-U005



Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

*Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Húsi Flugbjörgunarsveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík*

*Heimasíða:
www.rnsa.is*

*Tölvupóstfang:
rnsa@rnsa.is*

Ólafsfjarðarvegur-Hámundastaðaháls 17.3.2014

Framanákeyrsla
Látin, 34 ára kona

Samantekt

Tvær bifreiðar, Volkswagen Polo og Toyota Hilux, rákust saman á Ólafsfjarðarvegi þegar ökumaður Toyota Hilux bifreiðarinnar ók yfir á rangan vegarhelming í þeim tilgangi að aka fram úr snjóruðningstæki á ferð. Nokkuð kóf var undan tönn snjómoksturstækisins í aðdraganda slyssins og aðstæður til framúraksturs voru slæmar. Í árekstrinum lést kona, farþegi í aftursæti Volkswagen Polo bifreiðarinnar. Beinir RNSA því til ökumanna að gæta vel að sér við framúrakstur svo þeir valdi ekki slysum.

Aðstæður

Veður og birta: Dagsbirta, hægur vindur, sólskin, snjóþekja.

Vegur: Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst.

Tími sólarhrings: Dagur

Ökutæki: Volkswagen Polo fólksbifreið og Toyota Hilux pallbifreið/jeppi.

Lýsing á slysi

Slysið varð fyrir hádegi á Ólafsfjarðarvegi. Ökumaður Volkswagen Polo bifreiðar ók Ólafsfjarðarveg í norðurátt. Í bifreiðinni voru auk ökumanns, farþegi í framsæti og farþegi í aftursæti. Skammt frá Hámundastaðahálsi varð ökumaður var við snjóruðningstæki sem ekið var úr gagnstæðri átt, og dró úr hraða vegna snjóköfs sem þyrlandist yfir veginn vegna snjóruðningsins og byrgði honum sýn. Þegar ökumaður Volkswagen Polo bifreiðarinnar kom út úr kófinu mætti honum Toyota Hilux bifreið, á röngum vegarhelmingi og varð úr harður árekstur.

Í árekstrinum lést kona, farþegi í aftursæti Volkswagen Polo bifreiðarinnar. Hún hlaut lífshættulega áverka. Hún var spennt í öryggisbelti. Við áreksturinn snérust bifreiðarnar harkalega og kann það að skýra áverka konunnar sem lést. Ökumaður og farþegi í framsæti Volkswagen Polo bifreiðarinnar slösuðust mun minna. Þær notuðu báðar bílbelti og sprungu loftþúðar út við áreksturinn. Ökumaður Toyota Hilux bifreiðarinnar hlaut ekki mikil meiðsli í árekstrinum, hann notaði bílbelti og loftþúði í stýri bifreiðar hans blés út.

Að sögn ökumanns Toyota Hilux pallbifreiðar ók hann suður veginn á eftir snjóruðningstæki. Er hann ók upp á Hámundastaðaháls kvaðst hann hafa reynt að taka fram úr snjóruðningstækinu sem þá var ekið á um 40 km/klst. hraða. Var það hans önnur tilraun til framúraksturs. Er hann hafi verið kominn að hálfu yfir á öfugan veghluta hafi hann rekist framan á Volkswagen Polo bifreiðina sem ekið var úr gagnstæðri átt. Taldi hann sig hafa greint að engin bifreið væri að koma úr gagnstæðri átt áður en hann hóf framúrakstur. Ökumaður Volkswagen Polo bifreiðarinnar sá aldrei til Toyota Hilux bifreiðarinnar, en hann hafði hægt á bifreið sinni í varúðarskygni áður en hann mætti snjóruðningstækinu.

Að sögn ökumanns snjóruðningstækisins var hann bæði að nota framtönn og undirtönn við snjósmokstur þennan morgun. Kvaðst hann ekki hafa séð áreksturinn í baksýnisspegli þar sem mikill snjór þyrlandist frá bifreið hans þvert yfir veginn. Hann varð heldur ekki var við tilraun ökumanns Toyota Hilux bifreiðarinnar til framúraksturs vegna kófsins sem þyrlandist upp frá snjóruðningstækinu.



Horft suður Ólafsfjarðarveg á slysavettvang. Áreksturinn varð framan við bifreiðina á myndinni, á akrein norður Ólafsfjarðarveg.

Á slysstað liggur Ólafsfjarðarvegur um Hámundastaðaháls. Vegurinn er beinn, 6,4 metra breiður þar sem áreksturinn varð en hægri beygja er norðan við slysstað þaðan sem Toyota Hiluxbifreiðin kom. Snjóþekja var á veginum er slysið varð og yfirborðsmörkingar ekki greinilegar. Stíkur marka vegkanta en snjór var við hliðar vegarins.

Volkswagen Polo bifreiðin er 962 kg að þyngd. Mikil ákoma var á vinstri framenda hennar við áreksturinn og snérist hún á veginum. Bifreiðin var búin negldum vetrardekkjum og leiddi bíltækniskoðun í ljós að orsök slyssins verður ekki rakin til ástands hennar. Toyota Hilux bifreiðin var einnig skoðuð eftir slysið. Bifreiðin er 1920 kg að þyngd og var ákoma á vinstri framhlið hennar. Bifreiðin var búin negldum vetrarhjólbörðum og var í fjór hjóladrifi er slysið varð. Leiddi bíltækniskoðun í ljós að orsök slyssins verður ekki rakin til ástands hennar

Niðurstöður áfengis- og lyfjamælinga leiddu í ljós að ökumenn voru ekki undir áhrifum áfengis eða ólöglegra lyfja er slysið varð.

Orsakagreining

- Ökumaður Toyota Hilux bifreiðarinnar ók í veg fyrir Volkswagen Polo bifreiðina er hann í snjóköfi tók fram úr snjóruðningstæki á ferð.

Ábendingar

Aðgæsla við framúrakstur

Rannsóknarnefnd samgönguslysa telur brýnt að ökumenn sýni fyllstu aðgæslu við framúrakstur. Í Umferðarlögum (nr.50/1987) er kveðið á um að ökumaður, sem ætlar fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og að akrein sú sem nota á til framúraksturs sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað er hindri framúraksturinn. Þá er óheimilt að hefja framúrakstur þegar vegsýn er skert vegna hæðar eða beygju á vegi. Í þessu slysi var snjóköf, lítið skyggni og aðstæður til framúraksturs ekki góðar.

Í skýrslu um banaslys á Suðurlandsvegi við Sandskeið frá árinu 2006 benti nefndin á mikilvægi þessi að ökumenn gæti að sér við framúrakstur og þann háska sem af getur hlotist fyrir aðra vegfarendur.

Skýrslan var samþykkt af:

**Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson**

Reykjavík 20.8.2015

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen, stjórnandi rannsóknar